| **Upplýsinga og tæknimennt** | **3. bekkur** |
|---|---|
| **Kennarar:** Aldís og Lísa<br>**Tímafjöldi:** 1 | |

**Menntagildi námsgreinar:**

Í upplýsinga- og tæknimennt felst miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla er megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Hver nemandi þarf markvissa þjálfun í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Í Heiðarskóla er upplýsinga- og tæknimennt alla jafna kennd í gegnum aðrar námsgreinar og má því sjá þau viðfangsefni og markmið þeirra í bekkjarnámskrám annarra greina.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið.  Í lotum í Mentor) er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri.

| **Námsflokkar:** | **Hæfniviðmið** | **Kennsluhættir** |
|---|---|---|
| **Vinnulag og viðbrögð** | **Nemandi getur:**<br>• nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,<br>• nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag,<br>• sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn,<br>• gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,<br>• beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum, | • Vinna í tölvuveri.<br>• Ýmsir vefir eða forrit eru notuð til að efla skilning nemenda á námefninu. |
| **Upplýsingaöflun og úrvinnsla** | • leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,<br>• nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,<br>• unnið með heimildir,<br>• nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna, | • Vinna í tölvum og spjaldtölvum í einstaklings og hópavinnu. |
| **Tækni og búnaður** | • notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni,<br>• notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu, | • Vinna í tölvum og spjaldtölvum í einstaklings og hópavinnu. |

| | | |
|---|---|---|
| **Sköpun og miðlun** | • notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt, | • Vinna í tölvum og spjaldtölvum í einstaklings og hópavinnu. |
| **Siðferði og öryggismál** | • farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun. | • Vinna í tölvum og spjaldtölvum.<br>• Umræður. |

**Námsmat:**
Hæfni í upplýsinga- og tæknimennt er metin í öðrum námsgreinum.

**Kennslugögn:**

Eftirfarandi námsvefir:

Klukkan, Plúsdæmi fyrir 1. - 4. bekk, Plús, mínus og margföldun, Þrír í röð – margföldun, Skiptu jafnt – deiling, Mínusdæmi fyrir 1. - 4. bekk, Teningar, Fingrafimi, Stærðfræðipöddur, Þríhyrningar og Ferhyrningar. Eldgrímur, Að skrifa rétt, Ritum rétt, Orðagull, , Orðakistur Krillu og Orðaleikir. Gullkistan, Umferðavefurinn, Lífsferlar, Íslensku húsdýrin, Fuglavefur, Skógrækt og Íslenski plöntuvefurinn, www.skolavefurinn.is, https://www1.mms.is/upplysingataekni/